



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Efni: Umsögn um drög að breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 35/2023, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (geymsla koldíoxíðs). Í kynningu um málið segir að um sé að ræða breytingar á VI. kafla A sem fjallar um geymslu koldíoxíðs í jörðu í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breytingarnar eru nauðsynlegar til að samræma orðalag kaflans við orðalag tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu og tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög. Þá segir einnig að síðastliðið sumar hafi borist frekari ábendingar og athugasemdir frá ESA um að orðalag VI. Kafla A í lögum væri enn ekki í fullu samræmi við orðalag tilskipunar 2009/31/EB. Í frumvarpi þessu eru því lagðar til efnisbreytingar í samræmi við athugasemdir ESA, á nokkrum ákvæðum í VI. Kafla A laga nr. 7/1998.

SI benda á að boðaðar breytingar varða mikilvæga hagsmuni aðildarfyrirtækja samtakanna, þ.m.t. Carbfix, sem og notendur þjónustu þess fyrirtækis. SI leggja því ríka áherslu á að starfsumhverfi, regluverk og heimildir þessara fyrirtækja hvað varðar föngun og niðurdælingu á koldíoxíði, þ.m.t. geymslu þess, sé tryggt og skilvirkt. Þá vísast einnig til þess að SI hafa á fyrri stigum hvatt til þess að greitt sé úr þeim lagalegu flækjum sem innleiðing á EES gerðum hefur kallað á með hagsmuni héraðs fyrirtækja að leiðarljósi, sbr. m.a. fundur fulltrúa SI með fulltrúum utanríkisráðuneytis ásamt fulltrúum frá þáverandi umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í júní 2021 og samskipta í kjölfarið.

Því styðja SI breytingar á þá vegu að skýra enn frekar regluverk þessa málaflokks til að skýra enn frekar og bæta starfsskilyrði fyrirtækja, sem og gagnsæi og fyrirsjáanleika regluverks, sem starfa á þessu sviði, jafnt sérhæfðra fyrirtækja á borð við Carbfix sem og notendur þeirra lausna sem það hefur fram að færa.

SI fagna þeim breytingum sem hafa verið gerðar á fyrirliggjandi drögum að frumvarpi frá því að áform um boðaðar breytingar voru kynntar á samráðsgátt Stjórnarráðsins. Vísast hér m.a. til breytinga sem gerðar hafa verið hvað varðar orðalag um könnunarleyfi í 3.



mgr. 33. gr. sem og ákvæði 33. gr. d. Þá virðist sem þær breytingar sem hafa verið gerðar á ákvæði 33. gr. g. séu til bóta upp á skýrleika

Hvað varðar breytingar á ákvæði 33. gr. h., sbr. 5. gr. fyrirbyggjandi draga, þá er óljóst hvort og þá hvaða áhrif þær munu hafa á starfsemi hérlendra fyrirtækja og því hafa SI ekki forsendur til að leggja mat á áhrif þeirra að svo stöddu máli.

Þá telja SI jákvætt að í 8. gr. draganna sé lögð til sú breyting á 1. mgr. 33. gr. j. að vísa til jafngildi trygginga sem viðbót við ákvæði um fjárhagslegar skyldur.

Að gefnu tilefni vísa SI að lokum til umfjöllunar í 6. kafla greinargerðar í fyrirbyggjandi drögum þar sem umfjöllun er um mat á áhrifum. Í þeim kafla er m.a. vísað til minnisblaðs umhverfisráðuneytis, nú umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 18. nóvember 2020 í samhengi við mögulega tekjumöguleika. Telja SI að sú tilvísun þarfnist nánari skýringa og/eða að það minnisblað verði gert opinbert til að draga frekari ályktanir um þennan þátt, þ.e. mat á áhrifum og kostnaði vegna boðaðra breytinga.

SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu en vísa almennt að öðru leyti og taka undir ábendingar aðildarfyrirtækja samtakanna, þ.m.t. Carbfix. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lárus M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála